



Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007 (heimilisuppbót), 97. mál.

28. mars 2023

Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið frumvarpið til umsagnar.

Samtökin styðja frumvarpið með vísan til þeirra veigamiklu réttlætisraka sem er að finna í greinargerð með því.

Virðingarfyllst.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

11. apríl 2023

Umsögn ÖBÍ - réttindasamtaka um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007 (heimilisuppbót), þskj. 97, mál 97.

ÖBÍ lýsir stuðningi við tilgang og markmið frumvarpsins um að foreldrar sem fá greidda heimilisuppbót fái hana greidda áfram þrátt fyrir að börn þeirra búi heima eftir 18 ára aldur.

Jafnframt fagnar ÖBÍ að tekið er tillit til tillögu okkar um hækkun aldursviðmiða ungmenna sem búa með lífeyrisþega upp í 26 ára aldur líkt og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins. Mikilvægt er að tryggja þau réttindi með lögum sem ganga í takt við gildandi reglugerðir.

Brýnt er að tryggja að velferðakerfið verndi viðkvæma hópa og að skerðingarreglur séu ekki til þess fallnar að mismuna börnum foreldra á örorkulífeyri.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemd og virðingu,



Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ



Kjartan Þór Ingason
verkefnastjóri ÖBÍ